



## Ársskýrsla Austurlandsdeildar 2019 – 2020

Þá er komið að lokum þriðja starfsárs þessarrar stjórnar. Árið hefur gengið sinn vana gang með öllum þessum takmörkunum, boðum og bönnum sem okkur hafa verið sett á af þríeykinu góða.

Stjórnina skipa:

Helga Sveinsdóttir, formaður

Soffía S. Sigurbjörnsdóttir, varaformaður

Ásta Einþórsdóttir, gjaldkeri

Brynhildur Sigurðardóttir, ritari

Hafdís Rut Pálsdóttir, meðstjórnandi



Stjórn deildarinnar hefur komið saman fimm sinnum á árinu til skrafs og ráðagerða. Einnig voru nokkrir fjarfundir.

### 1. nóvember

Nýtt starfsár hófst eftir aðalfund sem var 31. október 2019 sem haldinn var Reyðarfirði. Fyrst var farið í venjuleg aðalfundarstörf. Fundarstjóri var Soffía S. Sigurbjörnsdóttir. Síðan kom Hrönn Grímsdóttir lýðheilsufræðingur og var með létt spjall, hugleiðslu og teygjur. Fyrirlestur Hrannar bar nafnið **Hamingja**.

### 25. nóvember

Námskeið um sorg og sorgarviðbrögð var haldið á Egilsstöðum í samvinnu við Austurbrú. Leiðbeinandi var Halldór Reynisson prestur.



26. nóvember

Á Evrópudegi sjúkraliða gerðu sjúkraliðar sér glaðan dag með ýmsu móti. Hafi hver staður sinn háttinn á, t.d. með því að bjóða upp á kaffi og kökur.

Nóvember – desember

Ferðanefndin tók til starfa og vann að skipulagninu ferðar sem var fyrirhuguð með vorinu en varð svo ekki að veruleika, en vonandi gengur það upp seinna.

Febrúar:

Í febrúar var kosið til verkfalls, sem ekki kom til, þar sem samningar voru samþykktir áður en til þess kom.

27. mars

Í mars lauk svo kosningu um samninga. Þetta voru tímamótasamningar þar sem lauk yfir 20 ára baráttu um styttingu vinnuvikunnar. Þökkum við því góða fólki sem sat fyrir okkar hönd.

Búið var að skipuleggja námskeið með Austurbrú sem átti að halda í mars en varð að fella niður. Reynt var að setja það upp þrisvar en staðan í þjóðfélaginu leyfði það ekki. Fyrirhugað var að Ólöf Másdóttir, hjúkrunarfræðingur frá sýkingavarnadeild LSH, kæmi og væri með námskeið í Sýkingavörnum. Undarleg tilviljun það.

21. maí

Verkmenntaskóli Austurlands útskrifaði sex sjúkraliða en af þeim starfa tveir á svæði Austurlands. Bjóðum við þær velkomnar í hóp okkar.

25. maí

Sandra og Gunnar komu austur á land með kynningu á nýju samningunum bæði fyrir ríkið og sveitarfélagið en samningarnir eru flóknir og auðvelt er að misskilja þá. Haldnir voru tveir fundir hér á svæðinu, á Egilsstöðum og í Neskaupstað.



Félagsstjórnarfundir eru búnir að vera fjórir á árinu, þar af þrír fjarfundir. Efni þeirra funda voru samningar, fagháskólanámið, upplýsingar um styttingu vinnuvikunar auk ýmissa annarra mála.

Fjöldi skráða sjúkraliða í svæðisdeild á Austurlandi eru 93.

Að lokum vil ég þakka öllum sjúkraliðum sem hafa lagt fram vinnu í þágu deildarinnar með þessum orðum:

Hrekkjaveiran.

Þá má ekki knúsast bakvið hurð  
og ekki hitta ömmu gömlu á Grund  
ekki fara í bíó og kaupa popp og tyggjó  
og ekki nota posa fyrir sleikjó  
það má ekki æða í ræktina  
ekki djamma og vekja blokkina  
ekki spila bolta og hitta fleiri en 19  
og ekki segja fordóma heldur fordæmalaus  
þessi bévítans pest er svo skrýtin

Helga Sveinsdóttir,  
formaður svæðisdeildar Austurlands